



### *Minningarorð*

Undir háu hamra belti  
höfði drúpir lítil rós.  
Þráir lífsins vængja víddir  
vorsins yl og sólarljós.

Æsku minnar leiðir lágu  
lengi vel um þennan stað,  
krjúpa niður kyssa blómið  
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Ég held ég skynji hug þinn allan  
hjartasláttinn rósín mín.  
Er kristallstærir daggardropar  
drjúpa milt á blöðin þín.

Finna hjá þér ást og unað  
yndislega rósín mín.  
Eitt er það sem aldrei gleymist,  
aldrei það er minning þín.

*Fríðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson*

### *Bæn*

*Einsöngur*

*Kveðja*

*Bubbi Morthens*



### *Faðir vor*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstud,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði -  
líf mannlegt endar skjótt.

### *Moldun*

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hrædist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

### *Blessun*

### *Eftirspil*

*Hornafjörður*

*Prestur: Sr. Karen Hjartardóttir*

*Organisti: Guðlaug Hestnes*

*Söngur: Samkór Hornafjarðar*

*Einsöngur: Heiðar Sigurðsson*

*Umsjón: Albert Eymundsson og Örn Arnarson*

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu  
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar  
í Pakkhúsinu að athöfn lokinni.*



## *Sveinbjörn Sverrisson*

*Fæddur 25. júlí 1930*

*Dáinn 7. apríl 2024*

*Útför frá Hafnarkirkju  
fimmtudaginn 18. apríl 2024*

**Forspíl**  
*Næturljóð e. Zhopin*

**Signing**



Kallið er komið,  
komin er nú stundin,  
vinaskilnaðar viðkvæm stund.  
Vinirnir kveðja  
vininn sinn látna,  
er sefur hér hinn síðsta blund.

Far þú í friði,  
friður Guðs þig blessi,  
hafðu þökk fyrir allt og allt.  
Gekkst þú með Guði,  
Guð þér nú fylgi,  
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

Margs er að minnast,  
margt er hér að þakka.  
Guði sé lof fyrir liðna tíð.  
Margs er að minnast,  
margs er að sakna.  
Guð þerri tregatárin stríð.

Grátnir til grafar  
göngum vér nú héðan,  
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.  
Guð oss það gefi,  
gladur vér megum  
þér síðar fylgja í friðarskaut.

*Valdimar Briem*

**Bæn**



Dag í senn, eitt andartak í einu,  
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.  
Mun ég þurfa þá að kviða neinu,  
þegar Guð minn fyrir öllu sér?  
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni  
minna daga skammt af sæld og þraut,  
sér til þess, að færa leið ég finni  
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,  
á við hverjum vanda svar og ráð,  
máttur hans er allri hugsun hærri,  
heilög elska, viska, föðurnáð.  
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,  
það er nóg, að Drottinn segir mér:  
Náðin mín skal nægja hverjum degi,  
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum  
frið og styrk, sem ekkert buga má.  
Auk mér trú og haltu huga mínum  
helgum lífsins vegi þínum á,  
svo að ég af hjartabeli hreinu,  
hvað sem mætir, geti átt með þér  
daginn hvern, eitt andartak í einu,  
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

*Sandell-Berg / Sigurbjörn Einarsson*

**Ritningarlestur**

Lít ég yfir liðinn tíma  
ljúft mér brosti sérhvert vor,  
fjar þá vetrar færðist gríma  
fann ég yngjast hug og þor  
Hjartans þakkir Hilmir hæða  
hverja fyrir náðargjöf.  
Hvert eitt sár er hætt að blæða  
heims er veittist mér á för.

Æskuvorið er nú liðið  
elli húmar hinsta kvöld.  
Lít ég yfir lífsins sviðið  
leiðarinnar nálgast gjöld.  
Ó að hinsta hljóti ég blundinn  
hægt og létt á vorsins tíð.  
Þegar lognró sefar sundin  
signir eygló geislafríð.

Verði sólrík ykkar ævi  
æsku meðan þroskast rós.  
Allan myrkva sorga svæfi  
sælu Guðsins náðarljós.  
Hvar sem fætur flytja náðið  
feril dulda lífsins á.  
Bið ég drottins fylgd þið fáðið  
fyllt er ósk míns hjarta þá.

*Bjarni Hafþór Helgason*

*Guðmundur Viborg Jónatansson*

**Ritningarlestur**

Ég trúð' ekki læknum er ljóðið hann söng  
um litfögru blómin í klettanna þröng,  
en nú hef ég séð þau og sannleikann veit  
að svona er fagurt í Örafasveit.

Í órofa samhengi litkast hver laut,  
hin lífvana kvistur er horfinn á braut.  
Og lóan í kjarrinu byggði sitt ból,  
hér brosir oft döggin í miðnætursól.

Í jöklanna skjóli við ársólar yl,  
ég allra þeirra nú minnast vil.  
Sem voru í sannleika Íslandi allt  
og ei létu bugast er gustaði kalt.

*Jóhann Morávek*

*Aðalsteinn Aðalsteinsson / Sveinbjörg Eiríksdóttir*



**Guðspjall**

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Villist ég vinum frá  
vegmóður einn,  
köld nóttin kringum mig,  
koddur minn steinn,  
heilög skal heimvon mín.  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Árla ég aftur rís  
ungur af bed.  
Guðs hús á grýtttri braut  
gladur ég hleð.  
Hver og ein hörmung mín  
hefur mig, Guð, til þín,  
hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

*Adams / Matthías Jochumsson*